

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju 7. nóvember 2022 kl. 20:00.

Björg Blöndal formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Ritari las síðustu fundargerð og var hún samþykkt.

Björg Blöndal ræddi um næsta fund sem verður í desember. Þá verður félagið 80 ára og verður happadrætti með góðum vinningum.

Guðný Sölvadóttir ásamt fleiri Hringskonum voru með sölusýningu á handunnum jólavörum. Félagskonur kunnu vel að meta þessar flottu vörur. Þær seldu ágætlega enda falleg vinna hjá þeim.

Spilað var bingó sem Sigurbjörg Bjarnadóttir og Guðný Sölvadóttir sáu um og voru notuð spil, sem er mjög sniðugt. Margir góðir vinningar sem konur gáfu í bingóið.

Þessar konur sáu um kaffið: Jóna Hallgríms, Oddný Vala Kjartansdóttir, Halla Kjartansdóttir og Kristín Ásbjarnadóttir.

34 konur sátu fundinn.

Ekki fleira tekið fyrir.

Guðný Þorvaldsdóttir, ritari